

Föstudaginn 25. júní 1993.

Nr. 63/1991.

**Páll G. Jónsson og  
Óttar Yngvason**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)  
gegn

**Hauki Sveinbjörnssyni og  
skiptaráðandanum í Kópavogi**

**f. h. dánarbús Sigurðar Benjamíns Jónssonar  
og Þórönnu Guðmundsdóttur**

(Hjalti Steinþórsson hrl.).

Landamerkjамál. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson og Arnljótur Björnsson prófessor og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. febrúar 1991. Þeir krefjast þess, að merkjalína milli jarðanna Stórahrauns og Litlahrauns í Kolbeinsstaðahreppi, Snæfellsness- og Hnappdals-sýslu, verði ákveðin svo á hinu umdeilda svæði:

„Frá Stakkhóltssteini (B) um beina línu í miðja Þrísteina (C), sem eru rétt við Litlahraunsnes, þaðan um beina línu í mynni lækjarins á Fitjum (D) og þaðan eftir sáttalínunni í lækjarósinn austan Viðarhólma (E).“

Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar in solidum úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.



Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð loftljósmynd af svæðinu, sem tekin er 1990.

### **I.**

Fyrir liggur að skera úr ágreiningi um merki jarðanna Litlahrauns og Stórahrauns í Kolbeinsstaðahreppi, sbr. lög nr. 41/1919 um landamerki o. fl. með síðari breytingum. Í héraðsdómi er máls-ástaðum aðila lýst og landamerkjabréfum jarðanna Litlahrauns frá 17. júní 1884 og Stórahrauns, sem af undirskriftum að dæma er

Kortlög er tekið eftir loftljósmynd sem tekið var af Landmælingum Íslands 14. ágúst 1985

Mælikvarði er nálægt 1:19150



Seknaradílur eru eigendur Lilla- og Stórahrauns en lögmætur þeirra er Hjalte Steinhjörsson hdl. Aðrir sem merkt eru (H) eru ferð inn á kortið skv. hans eignisögn.

Vörneradílur eru eigendur Stórahrauns en lögmætur þeirra en Jón Steinar Gunn-  
laugsson hdl. Aðrir sem merkt eru (J)  
eru ferð inn á kortið skv. hans eignisögn.

Kröfur aðila um landamerki milli Lilla-  
og Stórahrauns:

Söknaraðili: A-B-I-J-K.

Vörneraðili: A-B-C-D-E.

Kröfa um merki fyrir samliggjandi  
engjarsvæði Stórahrauns og Lilla-  
hrauns á þessum:

Söknaraðili: V-D-E-I vestur eftir  
Heraðskottum - T-U-V

Frumrit (nr. 1) þessa upplýsinga er g.

A frumrit nr. 2, sem er eftirrit frum-  
domlínur hestarettar í hestarettarmál  
R - D, X - Y og lína frá punkti Y til  
Dömlínur I - J, J - K og D - E eru skv.

Frumrit nr. 2, sem lýðir þessu er tekið eftir  
af Ragnari Arnasyni verkfr.

Lýðir dagsett *2 júní 1993 R*



nokkru yngra, en þó frá líkum tíma. Þá er í héraðsdómi gerð grein fyrir þeim gögnum, sem til skoðunar koma við úrlausn máls þessa. Loks hafa aðilar lagt fram loftljósmyndir frá mismunandi tímum og uppdrætti af þrætusvæðinu, en á einn þeirra hafa verið dregnar merkjalínur að kröfum aðila.

Aðilar eru sammála um, að landamerkjabréfin séu aðalheimildir um merki jarðanna og við skýringu á bréfunum verði að reyna að samrýma merkjalýsingar þeirra, en við það megi hafa stóð af fram lögðum gögnum. Við skýringu bréfanna er að ýmsu að gæta. Þar er lögð áhersla á að skipta þeim verðmætum, sem hugsanlega mátti nýta, en sumt af því hafði verið skilið frá jörðunum. Aðferðin við að lýsa merkjum er ekki hin sama á bréfunum, og þau virðast að nokkru gerð eftir eldri heimildum, sem ekki liggja nema að litlu leyti fyrir í málinu. Sjór flýtur um allt hið umdeilda svæði á flóði, og hefur hann brotið landið og breytt ummerkjum. Farvegir ála, sem renna um svæðið um fjöru, svo og farvegur Haffjarðarár hafa getað breyst, frá því að merkjabréfin voru samin, en aðilar miða kröfur sínar að hluta við þessi kennileiti. Þá ber þess að geta, að ós Haffjarðarár var ákvarðaður 28. desember 1977 af matsmönnum samkvæmt 2. mgr. 94. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði í samræmi við skilgreiningar þeirra laga. Ákvörðunar þeirra er getið í héraðsdómi. Ekki liggur fyrir, hvar menn töldu ós árinna vera fyrir þann tíma.

Þegar framangreind atriði eru skoðuð, kemur ekki á óvart, að í ýmsu getur verið erfitt að samrýma orðalag landamerkjabréfanna og heimfæra til kennimarka á svæðinu í dag, jafnvel þótt það hefði fallið vel saman í upphafi. Við það bætist, að vitni eru ekki sammála um staðsetningu örnefna. Það er því skoðun dómsins, að við ríkjandi óvissu beri að ákvarða mörkin í sem bestu samræmi við máls-gögnin í heild.

## II.

Aðilar eru sammála um, að Stakkholtssteinn (B) sé í víkinni fyrir ofan Stakkholt, og miða kröfur sínar við það kennileiti. Í merkjabréfi Stórahrauns segir síðan, að línan liggi „úr þeim steini sjónhending í Þrístaina, úr Þrísteinum eptir álnum fram fyrir Stórahraunseyjar í Haffjarðararál“. Merkjabréf Litlahrauns fer öndverða leið og hefur lýsingu merkjanna svo: „Úr miðjum Tvístainaál

upp í Stakkholtsstein, ...“ Í lögfestu fyrir Setahraun (Litlahraun) 1698 er merkjunum lýst í upphafi svo: „Efter midium Tvísteinaál framan að og upp í Stakkholts Stein ...“. Aðila greinir á um, hvaða áll sé Tvísteinaáll og hvar örnefnisins Þrísteina sé að leita. Vitni eru ekki á einu máli um þetta atriði. Sjónhending merkir sem næst beina línu, en telja verður, eins og merkjabréf Stórahrauns er orðað, að auk þess hafi sést úr Stakkholtssteini í Þrísteina. Þá ber þess að gæta, að í merkjabréfi Stórahrauns er merkjum lands á Fitjum lýst sem sérstakri heild á eftirfarandi veg: „Á fitjunum ræður lækurinn milli Stóra- og Litlahraunsengja suður úr, og vestur framan Melabakka vestur fyrir Toppa, og þaðan austur eptir ofanvert við Selhöfða.“ Bendir þetta til, að þetta svæði hafi verið skilið frá landi jarðarinnar. Með þessum athugasemdum ber að fallast á þá skoðun héraðsdóms, að merkin liggi um ál þann, sem liggur fram með Stórahraunsnesi. Miðað við orðalag merkjabréfs Stórahrauns, sem þáverandi umráðamenn jarðanna skrifuðu báðir undir, þykir því mega ákvarða merkjalínuna í höfuðstefnu álsins úr punktinum (B) fram með Stórahraunsnesi í punktinn (L) um punktinn (I) í punktinn (J) og þaðan í punktinn (K). Byggist það á því, að engar heimildir eru fyrir því, að Litlahraun eigi land í Stórahraunsnesi, en kröfulína stefndu sker nesið á einum stað. Rétt er að miða við punktinn (K), þar sem eigendur landsins vestan ósa Haffjarðarár hafa fyrir dómi ekki gert athugasemdir við þá merkjalýsingu.

Aðila greinir ekki á um það, að Topparnir og Selhöfði heyra undir Stórahraun, og heimildir, sem raktar eru í héraðsdómi, benda til, að Skeley hafi gert það líka. Þá benda ummerki til, að sjór hafi mjög sorfið land af Fitjunum. Verður því hvorki nú sagt til um umfang engja á Fitjunum né um hve langan veg lækurinn skipti löndum þar, en merkjalýsingarnar og aðrar heimildir, sem raktar eru í héraðsdómi, benda til, að það hafi áður verið fyrir ofan Selhöfða. Stefna markalínunnar um Fitjarnar, eins og hún er dregin í merkjalýsingu Stórahrauns fyrir Toppa og ofanvert við Selhöfða, er ekki nákvæm, en ætla má, að hún hafi legið ofan Skeleyjar samkvæmt framansögðu. Að þessu athuguðu þykir mega ákveða merkin úr punktinum (K) á uppdrættinum eftir línu, sem dregin er ofan við Skeley og Selhöfða í punktinn (R) framan við Litlahraunsnes, þaðan í punktinn (D) og yfir Fitjarnar, eins og þær nú eru,

í punktinn (E), svo sem aðilar eru ásáttir um. Aðila greinir ekki á um, að Viðarhólmi sé í óskiptri sameign þeirra. Í sýslu- og sóknarlýsingum fyrir Litlahraun, skráðum árið 1841, sem getið er í héraðsdómi, segir meðal annars: „... Milli Kaldáróss og Haffjarðaráróss gengur skagi inn í landið frá útnorðri til suðurs, er liggur undir jörð þessa, kallaður Gamlaeyri. Halda menn hún hafi áður verið grasi vaxin ósa á milli og klettalaus. Hún er umflotin hvörn stórstraum, en á útnorðurenda hennar er sker, sem aldrei fellur yfir. Í norður frá skerinu eru meltoppar, sem aldrei fellur yfir. Þeir eru nú því nær af farnir. Með eyrinni að vestanverðu er rekapláts tilheyrandi Hítarkirkju.“ Þótt ekki verði fullyrt, hvort hér sé verið að lýsa eign eða hlunnindum, bendir lýsingin til þess, að á fyrri tímum hafi Gamlaeyri ekki náð að Toppunum. Með hliðsjón af kröfum aðila og öðrum atvikum þykir mega ákvarða markalínu milli svæða Litlahrauns og Stórahrauns í sem bestu samræmi við merkjabréf síðarnefndu jarðarinnar sem beina línu úr Viðarhólma (X) út með Melabökkum í punktinn (Y) og mitt á milli Toppa og skers þess, sem teiknað er á uppdráttinn og aðilar hafa markað á kröfulínur sínar, út í Haffjarðará. Ragnar Árnason mælingaverkfræðingur hefur fært dómlínuna inn á uppdrátt Skúla Jóhannssonar frá 24. febrúar 1987.

Rétt er, að hver aðila beri sinn kostnað af máli þessu.

#### D ó m s o r ð:

Landamerki jarðanna Litlahrauns og Stórahrauns skulu ákveðin eftir línu, sem mörkuð er á meðfylgjandi uppdrátt, frá Stakkholtssteini (B) vestur álinn fram með Stórahraunsnesi í punktinn (L), þaðan í punktinn (I) og í farveg Haffjarðarár í punktinn (J), eftir farveginum í punktinn (K), þaðan ofanvert við Skeley og Selhöfða í punktinn (R) framan við Litlahraunsnes, svo í punktinn (D) og eftir sáttalínunni yfir Fitjarnar í punktinn (E), úr punktinum (X) við Viðarhólma, sem er í sameign, og framan við Melabakka í punktinn (Y) og þaðan mitt á milli Toppa og skers, sem teiknað er á uppdráttinn.

Málskostnaður fellur niður.

**Haralds Henryssonar hæstaréttardómara og  
Arnljóts Björnssonar prófessors.**

Við úrlausn máls þessa þykir verða að leggja til grundvallar landamerkjaskrár um Litlahraun og Stórahraun. Er hin fyrri dagsett 17. júní 1884, en hin síðari ódagsett, en eins og getið er í héraðsdómi, mun hún rituð einhvern tíma á árunum 1886-1892. Báðar þessar skrár eru af hálfu Litlahrauns samþykktar af sama manni, Jónasi Guðmundssyni. Merkjaskrá Litlahrauns er af hálfu Stórahrauns samþykkt af ábúanda þar, Birni Gottskálkssyni, en skrá Stórahrauns er af hálfu þeirrar jarðar undirrituð af Jóni Jónssyni, umboðsmanni Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs. Málsaðilar deila um, hvernig skýra beri landamerkjaskrár þessar. Einnig er deilt um legu svonefndra Þrístaina (Tvístaina) og Þrístainaáls (Tvístainaáls).

Landamerkjaskrá Litlahrauns er í þeim atriðum, sem hér skipta máli, nær samhljóða lögfestu fyrir Litlahraun frá árinu 1698, en jörðin hét þá Setahraun. Að einu leyti ber orðalagi ekki saman. Í lögfestunni segir: „Efter midium Tvisteinaál framan að og upp í Stackholts Stein ...“, en í landamerkjaskránni er þetta orðað svo: „úr miðjum Tvisteinaál upp í Stakksholtsstein ...“.

Landamerkjaskrár, sem hér um ræðir, falla ekki alveg saman, og er merkjaskrá Stórahrauns fyllri. Svo sem fram kemur í héraðsdómi, segir svo í landamerkjaskrá Stórahrauns:

„Litlahraunsland: Þar á milli eru merki sjónhending úr Brunagarðsklifinu í efri og neðri vörður á Foldunum, þá sjónhending úr neðri Foldavörðunni í stein í Stakkholtsvík, úr þeim steini sjónhending í Þrístaina, úr Þrísteinum eptir álum fram fyrir Stórahraunseyjar í Haffjarðarárál; þá ræður Haffjarðará merkjum milli Haushúsa, Kolviðarness, Hróksholts og Akurholts í Eyjahreppi að fyrnefndri Fuglstapabúfu.

Á fitjunum ræður lækurinn milli Stóra- og Litlahraunsengja suður úr og vestur framan Melabakka vestur fyrir Toppa, þaðan austur eptir ofanvert við Selhöfða.“

Telja verður ljóst, að innskotið, sem hefst á orðunum „þá ræður Haffjarðará“ og lýkur með orðunum „fyrnefndri Fuglstapabúfu“, eigi við merki milli Stórahrauns og nánar greindra jarða vestan

Haffjarðarar, en að öðru leyti sé verið að lýsa merkjum milli Stóra- og Litlahrauns.

Uppdráttur á héraðsdómsskjali nr. 74 sýnir legu tveggja ála í vikinni milli Stórahraunsness annars vegar og Litlahraunsness og Fitja hins vegar. Er ekki leitt í ljós, að lega ála þessara hafi breyst verulega, frá því að landamerkjaskrárnar voru gerðar. Þegar uppdrátturinn er skoðaður, sést, að hin auðkenndu orð í landamerkjaskránni fá ekki samrýmst skilningi, sem fram kemur af hálfu áfrýjenda um legu Þrístaina og Þrístainaáls. Fyrirgreint orðalag lögfestunnar mælir og gegn þeim skilningi, þar sem í henni segir, að mörkin séu eftir miðjum Tvístainaál (Þrístainaál) upp í Stakkholtsstein. Er hæpið, að það eigi við ál þann, sem áfrýjendur telja vera Þrístainaál. Ekki þykir fært að ganga gegn berum orðum landamerkjaskrár Stórahrauns og taka til greina kröfu áfrýjenda um, að landamerkjalína skuli dregin frá Stakkholtssteini um beina línu í steina (C) við Litlahraunsnes og þaðan um beina línu í mynni lækjarins á Fitjum (D).

Lína sú, sem samkvæmt héraðsdómi og orðalagi landamerkjaskrár Stórahrauns skal dregin frá Stakkholtssteini (B) í Þrístaina (Tvístaina) (I), snertir Stórahraunsnes á einum stað, en ekki er deilt um, að allt nesið er í Stórahraunslandi.

Ummæli í örnefnaskrár veita ekki glögga vísbendingu um eignarrétt að Skeley og gefa ekki tilefni til að víkja frá niðurstöðu héraðsdóms um merkjalínu frá Toppum í austur og ofan við Selhöfða, sbr. það, sem greinir um það efni í landamerkjaskrá Stórahrauns.

Um eignarrétt að Gömlueyri verður ekki dæmt í máli þessu að öðru leyti en því, sem við kemur skerjaröðinni Toppum.

Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta niðurstöðu héraðsdóms.

#### **Dómur aukadómpings Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 25. janúar 1991.**

Dóminn skipuðu Jón Magnússon sýslumaður ásamt meðdómsmönnum Vilhjálmí Árnasyni hrl. og Þorvaldi Lúðvíkssyni hrl.

*Sóknaraðilar* eru Haukur Sveinbjörnsson, kt. 060232-3349, bóndi, Snorrastöðum, Kolbeinsstaðahreppi, eigandi 2/3 hluta Litlahrauns í Kolbeinsstaðahreppi, og dánarbú Sigurðar Benjamíns Jónssonar og Þórönnu

Guðmundsdóttur, 9400-0688, Þinghólsbraut 42, Kópavogi, eigandi að 1/3 hluta Litlahrauns.

*Varnaraðilar* eru nú Páll G. Jónsson, kt. 290533-4739, Vesturbrún 26, Reykjavík, og Óttar Yngvason, kt. 050339-4329, Birkigrund 23, Kópavogi, eigendur Stórahrauns í Kolbeinsstaðahreppi.

Mál þetta var þingfest í aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 17. september 1985.

Dómur gekk í máli þessu 9. júlí 1987.

Málinu var skotið til Hæstaréttar með stefnu, út gefinni 2. október 1987.

Með dómi Hæstréttar, upp kveðnum 21. júní 1989, var dómur héraðs-dóms ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Í forsendum hæstaréttardómsins segir m. a.:

— — —

Málið var endurupptekið 24. ágúst 1989, og að lokinni nýrri gagnaöflun var það munnlega flutt 3. okt. 1990. Hinn 5. okt. var málið endurupptekið að nýju með heimild í 120. gr. 1. nr. 85/1936, þar sem dóminum þótti nokkuð skorta á skýrleika kröfugerðar aðila, og þeim gefinn kostur á að afmarka kröfulínur nánar á uppdrætti.

Málið var flutt og dómtekið 14. desember 1990.

## I.

### *Dómkröfur málsaðila.*

Dómkröfur sóknaraðila eru nú þær, að landamerki jarðanna Litlahrauns og Stórahrauns í Kolbeinsstaðahreppi verði ákveðin þannig:

„Úr Brunagarðshlíði, sem er brunakantur, sem gerð hefur verið klauf í, þar sem Eldborgargata liggur, þaðan í Digruvörðu á Foldum (A), þaðan í Stakkholtsstein (B), sem er steinn á Stakkholtsvík, þaðan sjónhending í Tvísteina (Þrístaina) (I), sem eru sker í eða við álinn, sem næstur er Stórahraunsnesi sunnanverðu og kallast Tvísteinaáll (Þrístainaáll), þaðan eftir álum í punkt J og þaðan í punkt K í miðjum Haffjarðaráráll.

Þá gerir sóknaraðili þá kröfu, að merki milli Litlahrauns og engjasvæðis Stórahrauns á Fitjum verði ákveðin þannig:

„Að austanverðu eftir línu, sem sátt hefur tekist um með málsaðilum (D-E), að sunnanverðu úr ósi austan Viðarhólma vestur framan Melbakka og eftir beinni línu frá Melabökkum vestur fyrir Toppa (T), að vestan- og norðanverðu af línu vestan Toppa og norður fyrir þá (U) og þaðan með beinni línu ofanvert við Selhöfða í merkjalækinn, sem rennur frá Fitjum (V), og þaðan með beinni línu í mynni merkjalækjarins norður úr Fitjum (D)“.

Bókstafir og skýringar í svigum vísa til uppdráttar Skúla Jóhannssonar verkfræðings á dskj. nr. 74, og eru dómkröfur sóknaraðila í samræmi

við þær línur, sem þar eru dregnar. Þá krefst sóknaraðili þess, að varnaraðila verði gert að greiða sér málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur varnaraðila eru þessar:

„Að merkjalínan milli jarðanna Stórahrauns og Litlahrauns verði ákveðin þannig á deilusvæðinu: Frá Stakkholtssteini (B), um beina lína í miðja Þrístaina (C), sem eru rétt við Litlahraunsnes, þaðan um beina línu í mynni lækjarins á Fitjum (D) og þaðan eftir sáttalínunni í lækjarósinn austan Viðarhólma (E)“.

Þá er gerð krafa um málskosnað in solidum úr hendi sóknaraðila samkvæmt mati dómsins. Með bókstöfum í kröfugerðinni er vísað til sama uppdráttar, dómskj. nr. 74, sem til var vísað í kröfugerð sóknaraðila.

## II.

### *Málsástæður aðila.*

Málsástæður sóknaraðila. Sóknaraðilar telja, að merkjalýsingar beggja jarðanna, þ. e. Litlahrauns og Stórahrauns, staðfesti ótvírætt, að Litlahraun eigi land að Haffjarðará frá þeim stað, er svonefndur Tvístainsáll (Þrístainsáll) fellur í Haffjarðará á móts við Stórahraunseyjar og allt til sjávar. Land það á svonefndum Fitjum, sem tilheyrir Stórahrauni, telja sóknaraðilar ekki liggja að Haffjarðará, eins og ljóslega komi fram í merkjalýsingu Stórahrauns, en umrætt svæði muni vera gamalt slægjuítak, er áður muni hafa tilheyrt gamalli byggð á Vigdisarstöðum. Sóknaraðilar telja slægjuland þetta vera afmarkað svæði í landi Litlahrauns, er ekki snerti merki jarðanna að öðru leyti. Þá benda sóknaraðilar á, að í raun sé viðurkennt af eiganda Stórahrauns, að jörðin Litlahraun eigi land að Haffjarðará. Þetta komi fram í því, að þeir hafi athugasemdalaust og raunar með samþykki eiganda Stórahrauns meðal annarra verið aðilar að mati um takmörk fiskhverfis Haffjarðarár, sem samkomulag varð um með hagsmunaaðilum að óska eftir. Þá byggja sóknaraðilar á matsgjörð um ósasvæði Haffjarðarár 28. desember 1977, en með henni sé staðfest, að áll sá, er rennur fyrir landi Litlahrauns, sé hluti Haffjarðarár og ós árinna gegnt svonefndu Barnaskeri.

Málsástæður varnaraðila eru þær, að á landamerkjabréfi Litlahrauns sé landamerkjalínan gagnvart Stórahrauni dregin „úr miðjum Tvístainaál (Þrístainaál) upp í Stakkholtsstein, sem stendur í bakka fyrir ofan Stakkholt“. Síðar í bréfinu sé sagt, að í Fitjunum ráði lækurinn. Með hliðsjón af öðrum gögnum málsins sé alveg ljóst, að hér sé um að ræða merkjalínu niðri á Melabökkum, sem liggja nokkurn veginn eins og dregið sé inn á kortið, sem fylgi dómskj. nr. 13. Þetta kort sé auðvitað ónákvæmt, en sýni þó legu merkjalínunnar á þessu svæði.

Á kortinu sé línan dregin áfram til vesturs meðfram Melabökkum

nokkurn veginn í stefnu á Barnasker. Sá hluti línunnar komi ekkert við landamerkjum Litlahrauns, enda eigi jörðin ekkert land á Gömlueyri né upp og suður af henni, eins og skýrum orðum sé kveðið á um síðar í landamerkjabréfi jarðarinnar. Þessi skilningur á merkjum jarðarinnar hafi stoð í öðrum málsgögnum. Svo sé að sjá sem eigendur Litlahrauns telji landamerkjalýsingu Stórahrauns á dómskj. nr. 6 mæla með þeim skilningi sínum, að þeir eigi land að ósum Haffjarðarár. Þetta stafi af misskilningi, sem sennilega komi til af því, að lýsing merkjanna þarna sé villandi við fyrstu sýn. Ljóst sé, að merkjalýsing í Stórahraunsbréfinu falli a. m. k. að mestu leyti saman við lýsinguna í Litlahraunsbréfinu suður að Þrísteinum. Hins vegar sé línunni lýst þaðan eftir álnum (Þrístainaál) í átt til Haffjarðarár (til vesturs) og svo til baka til norðurs til Fuglstapaþúfu. Það sé alveg ljóst, að hér sé ekki verið að lýsa neinum merkjum milli Stórahrauns og Litlahrauns, enda hlyti Litlahraun þá að eiga viðáttumikil lönd í Eyjahreppi vestan Haffjarðarár. Það komi reyndar fram í orðalagi bréfsins sjálfs, að þarna sé lýst merkjum milli Stórahrauns og allt annarra jarða. Til þess að átta sig á þeirri lýsingu í bréfinu, að línin sé dregin úr Þrísteinum eftir álnum fram fyrir Stórahraunseyjar í Haffjarðarárál, sé nauðsynlegt að líta til þess, sem síðar segir í bréfinu, að á Fitjunum ráði lækurinn milli Stóra- og Litlahraunsengja suður úr. Þetta sé lækur, sem falli í Þrístainaál rétt við Þrístaina. Þessari línu sé síðan lýst áfram „vestur fyrir Toppa, þaðan austur eftir ofanvert við Selhöfða“. Hér séu með öðrum orðum dregin merki allt umhverfis landsvæði sunnan Þrístainaáls, sem afmarkist af læknum á Fitjunum allt fram fyrir Melabakka, síðan til vesturs vestur fyrir Toppa og svo aftur til austurs ofan við Selhöfða. Engin önnur skýring sé á þessu en sú, að hér sé lýst merkjum fyrir landi, sem fylgdi gamalli byggð í Selhöfða, Vigdísarstöðum, er síðar féll til Stórahrauns. Að þessum merkjum eigi Litlahraun sýnilega hvergi land nema að læknum á Fitjunum. Komi þetta þá vel heim við landamerkjabréf Litlahraunsjarðarinnar sjálfrar.

## V.

### *Málsatvik.*

Sumarið 1984 gerðu eigendur jarðarinnar Litlahrauns leigusamning við Halldór Júlíusson, Hliðsnesi, Álftanesi, og Gunnar Sveinbjörnsson, Norðurvangi 27, Hafnarfirði, um veiðirétt í Haffjarðará fyrir landi Litlahrauns. Eigendur að mestum hluta Haffjarðarár mótmæltu samningi þessum og fengu lagt lögbann við veiðiskap leigutaka samkvæmt samningum. Í staðfestingarmáli, sem höfðað var með dómstefnu, út gefinni 8. ágúst 1984, kom fram, að ágreiningur er um landamerki jarðanna Stórahrauns og Litlahrauns, þar sem stefnendur halda því fram, að Litlahraun eigi ekki

land að Haffjarðará, og styðja það því, að landamerki jarðanna liggi allmiklu austar og lengra til suðurs en eigendur Litlahrauns halda fram. Til þess að fá úrlausn um merki jarðanna var höfðuð gagnsök í áðurgreindu staðfestingarmáli, en þar eð aðilar að því máli eru fleiri en eigendur jarðanna, bæði að því er varðar sóknar- og varnaraðild, og kröfur og málsástæður uppi í því máli, er varða eitthvað annað en merki jarðanna, þótti horfa til skýrleika að reka sjálfstætt mál um ágreining þann, er uppi er um merkin. Því var fallið frá kröfu um úrlausn um hann í gagnsök staðfestingarmálsins, en sjálfstætt mál höfðuð til úrlausnar á merkjaágreiningi aðila.

## VI.

*Landamerki.*

Verður nú getið landamerkjabréfa, er greina merki á deiluvæðinu. Samkvæmt landamerkjaskrá fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu eru landamerki Litlahraun þessi, sbr. dómskj. nr. 6:

1. Móti Stórahrauni: Úr miðjum Tvisteinaál upp í Stakkhóltsstein, sem stendur í bakka fyrir ofan Stakkholt, úr þeim steini upp í Digruvörðu á Foldunum, sem einstök er, og neðst, úr þeirri vörðu í aðrar tvær efri vörður, úr þeim tvívörðum í lítið vörðukorn þar ofar í Foldunum, þaðan í Brunagarðsnefið, sem er við Eldborgargötu, en í Fitjunum ræður lækurinn.

2. Móti Snorrastöðum:.....

3. Landamerki fyrir rekanum eru: allur reki fyrir Stórahraunslandi austur að Gömlueyri, kallaður Vigdísarstaðareki, hálfur reki frá Viðarhólma og í ál þann, sem liggur í sjó fram um fjörur milli Gömlueyar og Broteyarrodna og kallast Kaldárós, móts við Kolbeinsstaðakirkju.

4. Hítardalskirkja á einsömul allt vogrek á Gömlueyri og í Vigdísarstaðareka, allar fjörur og eyrar upp og suður af Gömlueyri að Kaldárósi og í Æðarklett.

Staðarhrauni, 17. júní 1884.

Jónas Guðmundsson.

Ofanskrifuð landamerki fyrir Hítardalskirkjujörðinni Litlahrauni í Kolbeinsstaðahreppi samþykkja:

Guðríður Þórðardóttir (fyrir Snorrastaði),

Björn Gottskálksson (ábúandi á Stórahrauni),

Þorbergur Fjeldsted (eigandi Jörva),

Sigurður Jónsson (mandataríus eiganda Kolbeinsstaðakirkju).

Landamerki fyrir umboðsjörðinni Stórahrauni í Kolbeinsstaðahreppi.

Að Stórahraunslandi liggja eftirfylgjandi lönd (dómskj. nr. 6):

1. Kolbeinsstaðaland: Þar ræður merkjum sjónhending úr Fuglastapaþúfu austan og ofan til við neðri Sauðhamar hjá Haffjarðará, yfir efri Bænhúsás í stóra vörðu á vatnsæðum.

2. Haukatunguland: .....

3. Litlahraunsland: Þar á milli eru merki sjónhending úr Brunagarðs-  
klifinu í efri og neðri vörður á Foldunum, þá sjónhending úr neðri Folda-  
vörðunni í stein í Stakkholtsvík, úr þeim steini sjónhending í Þrísteina, úr  
Þrísteinum eftir álum fram fyrir Stórahraunseyjar í Haffjarðarárál; þá  
ræður Haffjarðará merkjum milli Hausthúsa, Kolviðarness, Hróksholts og  
Akurholts í Eyjahreppi að fyrrnefndri Fuglstapaþúfu.

Á Fitjunum ræður lækurinn milli Stóra- og Litlahraunsengja suður úr  
og vestur framan Melabakka vestur fyrir Toppa og þaðan austur eftir ofan-  
vert við Selhöfða.

Merki þessi samþykkja undirritaðir:

Jónas Guðmundsson, landsdrottinn fyrir Litlahrauni,

S. Brandsson, í umboði eiganda fyrir Kolbeinsstaði,

Eggert Eggertsson, í umboði eiganda fyrir Haukatungu,

Jón Jónsson, umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.

Lögfesta fyrir Setahraune anno 1698

(dómskj. nr. 10).

.....á millum Stórahrauns og Setahrauns. Efter midium Tvísteinaál  
framan að og upp í Stackholts Stein, sem stendur í backa fyrir ofan Stack-  
holt, úr þeim steini upp í Digruvörðuna a foldunum sem er einstök og  
er nedst (frá) þeirri vörðu í adrar tvær efri vörður, úr þeim Tvívörðum  
í lítid vörðukorn þar ofar á foldunum, þaðan og í brunagardsnesid  
sem er við Stórahrauns- edur Eldborgargötu. En á fitiunum ræður  
lækurinn. ....

Landamerki

fyrir reka Staðarhraunskirkju (dómskj. nr. 6).

1. Staðarhraunskirkja á reka allan fyrir Stórahraunslandi austur að  
Gömlueyri. Er það nefndur Vigdísarstaðareki.

2. Hún á hálfan reka á Gömlueyri móti Kolbeinsstaðakirkju, frá Viðar-  
hólma og í ál þann, er Kaldarós kallast og liggur í sjó fram um fjöru milli  
Gömlueyrar og Broteyrarodda.

3. Merki milli Vigdísarstaðareka og Gömlueyrrerka eru ákveðin þessi:  
Bein lína úr skipsstefni á söndunum fram undir fjörumáli og í Viðarhólma,  
en hann er óskipt sameign.

4. Staðarhraunskirkja á ein allt vogrek á Gömlueyri og á Vigdísarstaða-  
reka, einnig allar fjörur og eyrar upp og suður af Gömlueyri að Kaldarósi  
og Æðarkletti.

Staðarhrauni, 30. ágúst 1922.

Stefán Jónsson.

Framanskriðuð landamerki fyrir reka Staðarhraunskirkju samþykkja undirritaðir.

Árni Þórarinsson                      Einar Friðgeirsson,  
(f.h. Stórahrauns),                      eigandi að hálfum skiptirekanum á Gömlueyri.

## VII.

### *Örnefnalýsingar o. fl.*

Verður nú getið efnis ýmissa málskjala, sem varðað getur úrlausn málsins.

Úr matsgerð Sigurjóns Rists og Gests Kristjánssonar um ósasvæði Haffjarðarár (dómskj. nr. 4).

Núþá fellur að vestan í Haffjarðará gegnt Stórahraunsnesi. Skammt þar neðar greinist Haffjarðará aftur og þá um Stórahraunseyjar. Áin fellur nú í tveimur kvislum. Aðalállinn er austan eyja, smávatn er milli eyja og lítil læna vestan eyja. Skammt neðan eyjanna sameinast kvíslarnar í einn farveg, og þannig fellur Haffjarðará í einum farvegi til sjávar á milli Barnaskerja að vestan og skerjaraðarinnar Toppa að austan. Kristján (Ariliusson) taldi Toppa þrjá, þ. e. a. s. þrjú hæstu skerin. Á þeim skerjum vottaði fyrir grasþúfum. Skerjaröðin heldur áfram til sjávar. Á móti Barnaskeri, þar sem það er hæst, er allhátt sker..... Á milli hápunkts Barnaskers að vestan og nefnds skers að austan..... hverfur straumur Haffjarðarár í sjó um stórstraumslágflæði. Þar er því ós Haffjarðarár í sjó.

Örnefnaskrá Litlahrauns. Skráð hefur Kristján Jónsson, Snorrastöðum, eftir upplýsingum Elisabetar Þórðardóttur frá Litlahrauni (dómskj. nr. 8):  
.....

Æðarklettur er alllangt sunnar með Saltnesál. Í hann liggja merki þriggja landa: Snorrastaða, Jörva og Litlahrauns. Á norðvesturodda Gömlueyrar eru sandorpin sker og nokkrir melgrasbrúskar á. Heita þeir Toppar .....  
... Merkjaskurður skilur að Litlahraunsfítjar og fítjaland, sem tilheyrir Stórahrauni. Er hann þó víða óljós. Hlykkur er á skurðinum, kallaður Merkjakrókur. Þar ofan við eru Miðfítjar. Stelpuskurður liggur hjá Mjóahrauni í Merkjaskurð út undir Sandvaði. Er þar farið yfir Merkjaskurðinn, sem er annars víðast ófær af bleytu. Stelpusteinn er út undir víkinni og Stelpusteinsbakkar þar niður af..... Þrísteinaáall er úti á Stórahraunsvíkinni, og eru þar merki milli jarðanna. Þar í rennur állinn, sem kemur úr merkjaskurðinum á fítjunum. Þrísker eru á víkinni rétt heiman álinn.

Stakkholt er hátt holt út undir Stórahraunsvíkinni innst, og Stakkholtssteinn þar fyrir framan merkjasteinn - ..... Þá er Brunagarðshlið, þar sem Eldborgargata skerst gegnum brunagarð allmikinn, sem liggur frá suðaustri til útnorðurs milli tveggja aðalbrunasvæða. ....

Gamlaeyri liggur hér þvert fyrir framan. Er hún sandrif mikið með Kald-árós að suðaustan, en Haffjarðarárós að norðvestan. Innan eyrar er útfiri geysimikið, svo að þar eru ekki nema mjóir álar um fjöru. Er þetta suðaustasti hluti Löngufjara. Eiginlega tilheyrir Gamlaeyri ekki neinu landi. Þó vilja sumir telja, að Litlahraunsmerki hafi náð bæði utan og sunnan fram fyrir eyri og hún sé því algjörlega þar í landi, og raunar hafa landsnytjar helst verið taldar heyra undir þá jörð. Er því hið eina örnefni á eyrinni, Topparnir, talið með Litlahraunsörnefnum. Hefur þó stundum verið deila um landsgagn þetta, sem er selalagnir við eyraroddana. Hefur Jörvi álitid sig eiga lögn við suðuroddann, en Stórahraun við Toppa. Þessi hlunnindi eru ekki nytjuð þar lengur og því allar deilur niður fallnar.

Reki er nokkur á Gömlueyri, og hefur hann verið kirkjueign þar til fyrir skömmu, að eigendur Litlahrauns keyptu hann undir jörðina. Hér liggur beint við að skrá nokkur örnefni á dálitlu fitjasvæði, sem tilheyrir Stórahrauni. Er það nefnt Stórahraunsfitjar. Fyrst er þá að nefna Viðarhólma ..... Út frá Viðarhólma eru grónar sandsléttur. Heitir það land Mela-bakkar. Er það svo kallað allan krókinn upp undir Merkjaskurð, þ. e. a. s. við sjóinn,

Uppi á vikinni er Selhöfði og Skeley rétt hjá. Selhöfði er hár hólmi, en Skeley aðeins svolítill flaga.

Þetta land, sem nú liggur undir Stórahrauni, mun hafa verið ábyli fyrr á öldum og heitið Vigdísarstaðir. Sagt er, að bærinn hafi verið í Selhöfðanum, enda eru þar rústir nokkrar, sem sjór hefur þó brotið af. Hefur höfðinn þá að sjálfsögðu verið samgróinn fitjunum, og landið yfirleitt miklum mun stærra. Þetta býli mun hafa átt a. m. k. reka á hálfri Gömlueyri, og er víst í máldögum skráð, að síðasti eigandinn ..... hafi gefið bæn-húsi á Stórahrauni graslendið, en Hítardalskirkju rekann á eyrinni. En bænhusið átti þann við, sem á gras kom. Er þessi kerlingargjöf til kirkjunnar kölluð Vigdísarstaðareki. Hefur Hítardalskirkja sennilega þá þegar átt rekann á suðausturhluta eyrarinnar, þ. e. a. s. ásamt Kolbeinsstaðakirkju, sem átti þar hálfan reka af sívölum trjám. — Þegar Hítardalskirkja var lögð niður, varð Staðarhraunskirkja arftaki eignanna, og af henni keyptu eigendur Litlahrauns rekann.

Úr örnefnaskrá Stórahrauns. Skráð hefur Kristján Jónsson, Snorra-stöðum, eftir upplýsingum Magnúsar Kristjánssonar, bónda á Stórahrauni (dómskjal. nr. 29).

Stórahraunsland liggur að sjó, og gengur nes alllangt niður úr því norðvestanverðu. Heitir það Stórahraunsnæs. Að suðaustan er Stórahraunsvík, en norðvestan Haffjarðará og leirur út frá henni.

Framan við nesið eru eyjar tvær, aflangar. Heita þær Stórahraunseyjar ..... Meloddi skagar suðaustur á Stórahraunsvíkina, og heitir hann Mela-

nes, og þar suður á víkinni er Þrístínaáll. Eru þar merki milli Stórahrauns og Litlahrauns..... Brunagarðshlið er þar, sem Eldborgargata sker brunagarðinn, svo sem getið er í Litlahraunsörnefnum. En Eldborgargata liggur norðan við Eldborg og niður hraunið ofan að Stórahrauni. Foldir eru sunnan Eldborgargötu góðan spöl neðar Brunagarðshliðs, og er nokkur hluti þeirra á Litlahraunslandi..... Vatn sytrar undan hrauninu þarna sunnan Eldborgargötu neðst, og heitir þar Uppsprettur. Uppsprettur þessar mynda læk, sem renna fram á Stórahraunsvíkina. Heitir sá, sem er nær Stórahraunstúni, Tálmi, en Slarkalækur hinn syðri..... Að síðustu heitir Lækjarós, þar sem lækirnir koma saman og renna út á Stórahraunsvíkina .....

#### *Örnefni í Stórahraunslandi.*

Skráð af Lúðvík Kristjánssyni 1937 eftir sr. Árna Þórarinssyni og Þórarni Árnasyni (dómskj. nr. 30).

.....

Upp af Leynifit er Leirgrófarhamar og ofar er Fjánhúsás, en ofar og austar er Laufás. Ofar með ánni er Sauðhamar, og þar eru merki á milli Stórahrauns og Kolbeinsstaða. Austnordur frá Laufási eru Illutjarnir (2 smátjarnir) og Digravarða. Þar niður og austur af er Stórarvarða. Fyrir neðan hana eru Vatnsæðar, og enn austar er Brunagarðshlið efra við Eldborgargötu. Fyrir neðan hliðið eru hellur, dældir og brekkur, nefndar Foldir.

Milli Garða og Stórahrauns eru merkin í Brunagarðshlið. Fyrir neðan Foldir er Króksbotn. Neðan við hann í útsuður eru Kúalágar og enn neðar Hraunsnef, og endar þar Eldborgarhraun í Stórahraunslandi. Merkin eru úr þessu nefi í stein á Stakkholtsvíkurbakka. .... Milli Stóra- og Litlahrauns renna tveir lækir, Tálmalækur og Slarkalækur. .... Neðan við Litlahraun eru engjar, nefndar Fitjar, þar er merkjaskurður milli Litla- og Stórahrauns fyrir norðan Selhöfðann yfir þverar Fitjarnar suður í fjöru fyrir norðan Viðarhólma. Í Selhöfðahólma stóðu Vigdísarstaðir. Vestur af Viðarhólma eru Melabakkar og vestur af þeim Toppar rétt hjá Gömlueyri við Haffjarðará. Norður af Toppum er Skeley.

*Úr sýslu- og sóknarlýsingum, skráðum árið 1841 af séra Vernharði Þorkelssyni (dómskj. nr. 9).*

Litlahraun.

..... Klettur þessi (Æðarklettur) liggur á landamerkjum þriggja jarða, Snorrastaða, Jörva og Litlahrauns. .... Undir Litlahraun liggur líka Skeley fyrir utan Básahraun, arðlaus og fer í kaf um stærstu strauma, hefur aldrei verið grasi sprottin. Í Hafursfjarðarósi liggja Flókaflögur, er taka

nafn af því, að áður fengu menn þar smásprökur. Þær koma mjög sjaldan upp. .... Milli Kaldáróss og Haffjarðaráróss gengur skagi inn í landið frá útnorðri til suðurs, er liggur undir jörð þessa, kallaður Gamlaeyri. Halda menn hún hafi áður verið grasi vaxin ósa á milli og klettalaus. Hún er umflotin hvörn stórstraum, en á útnorðurenda hennar er sker, sem aldrei fellur yfir. Í norður frá skerinu eru meltoppar, sem aldrei fellur yfir. Þeir eru nú því nær af farnir. Með eyrinni að vestanverðu er rekapláts tilheyrandi Hítardalskirkju. ....

Stórahraun.

..... heyskapur er hér mikill, en langsóttur og erfiður á meginlandi, ofan fyrir Litlahraun, hvar sæta verður sjó upp í Stórahraunsnes, en nesið liggur millum vikur þeirrar, er nefnist Tvísteinaáll, og Haffjarðarár. .... Vigdísarstaðareka fyrir Stórahraunslandi í vestur-útsuður frá Tvísteinaál á Hítardalskirkja ..... 2 hjáleigur hafa legið hér undir að fornu, önnur í túninu, hin upp með Haffjarðará, þar sem kallaðir voru Vigdísarstaðir.

*Úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (dómskj. nr. 27).*

*Hítardalur:* Reka allan hálfan á staðurinn á Gömlueyri móts við Kolbeinsstaðakirkju, átölulaust um langan aldur. Hefur áður góður verið, en brugðist í nokkur ár. Þetta örnefni, Gamlaeyri, liggur millum Kaldáróss og Haffjarðaráróss. Enn eigna kirkjunnar máldagar staðnum allan reka á Vigdísarstöðum. Það örnefni liggur í Stórahraunslandi í Kolbeinsstaðahreppi, og hafa nú Stórahraunsmenn þar alloft stekk og slægjur. (Menn eru í efa, hvort á þeim fornu Vigdísarstöðum hafi áður byggð verið, þó nafnið láti til þess líklega, en hafi þar byggð verið nokkurn tíma, þá hefur Stórahraunsmönnum gleymst það að undirretta og það líkast vegna ókunnugleika.) Þessa reka nýtur staðurinn enn í dag átölulaust.

.....

Laxveiði að helmingi í Haffjarðará eignar staðurinn sér eftir máldögum. Það hefur í mörg ár ekki brúkast, er og örðugt og langt til að sækja.

*Úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (dómskj. nr. 28).*

*Litlahraun, að fornu kallað Setahraun.*

.....

Selveiðivon góð hefur verið, þykir fara til rýrðar, brúkast þó. Rekavon góð á Gömlueyri, sem liggur fyrir Stórahrauns, Snorrastaða og þessarar jarðar landi, og á Hítardalur hálfan reka, og vaktar ábúandi hann so og sem annar leiguliði og hefur það af rekanum hér fyrir, sem lög fyrir skilja.

Skelfiskafjara lítil brugðist í margt ár.

Heimræði má hér varla telja, þó hafa menn bragðað um hásumar að

fleyta hér skipi með stórflæðum til fiskifengjar, þykir erfitt mjög, brúkast sjaldan.

*Stórahraun.*

.....

Silungsveiði má vera í Haffjarðará, hefur ekki brúkast í manna minni. Eggver af smáfugli lítið og varla teljandi í Stórahraunseyjum, ekkert þetta ár.

Selveiðivon við sömu eyjar, og þarf á skipi til að sækja, er að nokkru gagni, þá vel er aðsókt.

Rekavon ekki önnur en sú, sem skola kann inn Hraunsós, heppnast sjaldan. Heimræði um hásumar út supra á Litlahrauni.

*Úr fornbréfasafni Íslands (DI).*

Máldagar Hitardalskirkju 1354, 1397, 1470, 1574 og síðar (dómskj. nr. 32).

1354, Hijtardalur.

Allra heilagra kyrkja j Hitardal a heimalannd allt med gögnum og giædum. ....Reka ä gomlu eyre..... laxveidi ad helmijnngi j hafsfiardara.

1397, CCXIII, Hitärdalur.

Allra heilagra kyrkja j Hitardal a heimalannd allt með gögnum og giædum. ....Reka á gomlu eyre..... laxveidi ad heilmijnngi j hafsfiardara. ad helmingi i Hafsfiardara.

1470, Hitardalur.

Allra heilagra kirkia j hitardal a heimalannd allt med gögnum oc giædum. .... reka halfann ä gömlu eyre..... laxveide ad helmijnnge j hafz-fiardarä.....

1574, CVIII, Hijtardalur.

Allra heilagra kirkja i Hijtärdal ä heimaland alltt. Reka hälfann ä Gömlueyre..... Laxveide ad helminge í Haffiärdarä. Jtem allann reka ä Vigdijsarstöðum.

*Enn um örnefni.*

*Tvísteinar - Þrísteinar,*

*Tvísteinaáll - Þrísteinaáll.*

Aðalheimildir um landamerki jarðanna Litlahrauns og Stórahrauns eru landamerkjalyðingar á dómskj. nr. 6, eins og fyrr segir.

Í byrjun landamerkjalyðingar í kafla merktum A, 1. tölulið, segir: „Úr miðjum Tvísteinaál o. s. frv. “.

Í kafla, þar sem lýst er landamerkjum fyrir umboðsjörðinni Stórahrauni í 3. tölulið um Litlahraunsland; þar segir m. a.: „..... „úr þeim steini sjón-

hending í Þrístaina, úr Þrísteinum eftir álnum fram fyrir Stórahraunseyjar í Haffjarðarárál o. s. frv.“.

Á dómskj. nr. 8 (Örnefnaskrá) er á bls. 4 talað um Þrístainaál sem landamerki.

Á dómskj. nr. 9 (Sýslu- og sóknarlýsingu), bls. 33, er minnst á Tvístainaál.

Í dómskj. nr. 10 (Lögfesta) á bls. 1 er talað um Tvístainaál.

Á dómskj. nr. 29 (Örnefnaskrá) er neðst á bls. 1 talað um Þrístainaál.

Af þessu má ljóst vera, að mismunandi heiti á steinum þessum (eða álum) er notað til skiptis og skýrir ekki hugsanleg vafaatriði í þessu sambandi, s. s. það, hvar eru Tvísteinar og Þrísteinar og samnefndur áll notað sem merki milli jarðanna.

Ekki er ágreiningur í þessu máli um örnefnin Fitjar, Melabakka, Toppa eða Selhöfða né önnur örnefni að undanskildum Þrísteinum (Tvísteinum) (Þrístainaál - Tvístainaál), en um staðsetningu þeirra er deilt, en ekki nafnotkun, sem er ýmist Þrísteinar eða Tvísteinar.

## VIII.

### *Vottorð-vitnisburðir.*

Magnús og Sigfús Kristjánssynir hafa gefið sameiginlega yfirlýsingu, dagsetta á Akranesi 18. júlí 1984. Þeir féllu báðir svo frá að hafa ekki staðfest yfirlýsingu sína fyrir dómi.

### *Yfirlýsing Magnúsar og Sigfúsar Kristjánssona (dómskj. nr. 14).*

Við bjuggum á Stórahrauni í Kolbeinsstaðahreppi frá 1945-1958. Um land og landamerki jarðarinnar er okkur ljúft að votta þessi atriði:

1. Fitjarnar suðvestan við Litlahraun:

Þær tilheyrðu Stórahrauni að læknum.

2. Toppar (endi Gömlueyjar):

Að minnsta kosti nyrsti toppurinn tilheyrir Stórahrauni.

3. Þrísteinar eru þrír lágir steinar í svokölluðum Þrístainaál skammt frá Selhöfða. Þrístainaáll kemur upp á milli Litlahraunsness og Selhöfða í Krókavík á Litlahraunsnesi og rennur í Haffjarðarárál norðan Toppa og sunnan Stórahraunseyja.

### *Yfirlýsing Þórarins Árnasonar, dags. 24. júlí 1984 (dómskj. nr. 15).*

(Fluttist að Stórahrauni með föður sínum 9 ára gamall 1907 og bjó þar óslitið til 1945. Rak sjálfur búskap þar í 26 ár, þar til hann fluttist burtu 1945).

Um landamerki og land Stórahrauns staðfesti ég og votta eftirfarandi atriði:

1. Fitjarnar suðvestan Litlahrauns tilheyrðu Stórahraunslandi að læknum, sem náði nánast þvert yfir Fitjarnar, og norður frá Fitjunum í Þrísteinaál.
2. Selhöfði var innan Stórahraunslands.
3. Topparnir tilheyrðu allir Stórahrauni, sem átti allar selalagnir þar. Faðir minn, sem bjó á Stórahrauni á undan mér, leyfði stundum bóndanum á Litlahrauni að leggja selalagnir við Toppa. Ég minnst þess ekki, að nokkru sinni hafi komið upp vafi um, að allir Topparnir tilheyrðu Stórahrauni.
4. Ekki var vitað til þess, að Litlahraun ætti neinar selalagnir nema e. t. v. við Eskigrasey, sem þó var ágreiningur um við Snorrastaðaeigendur. Aldrei var um að ræða veiðar á laxi frá Litlahrauni.
5. Þrísteinar eru þrír steinar í svokölluðum Þrísteinaál skammt frá Selhöfða og Litlahraunsnesi. Ef staðið er fremst á Litlahraunsnesi og horft til nyrsta Toppins, eru Þrísteinar dálítið til hægri handar, en Selhöfði lítið eitt til vinstri handar. Þrísteinar eru mjög skammt frá Litlahraunsnesi, langtum nær en Selhöfði. Þrísteinaáll liggur til vesturs og er allur í Stórahraunslandi.
6. Allt svæðið norðan Fitjanna og Toppa norður að Stórahraunsnesi er Stórahraunsland.  
Þórarinn staðfesti yfirlýsinguna fyrir dómi 10. desember 1984.

*Yfirlýsing Einars Árnasonar, dags. 5. júlí 1984 (dómskj. nr. 16).*

Ég bjó á Stórahrauni í Kolbeinsstaðahreppi, frá því að ég fæddist árið 1913 og fram til 1928, einnig einn vetur um þremur árum síðar. Mér er ljúft að votta þessi atriði um landamerki og land Stórahrauns:

- a) Svokallaðar Fitjar suðvestan við Litlahraun tilheyrðu Stórahraunslandi. Þó átti Litlahraun svolitla ræmu meðfram hraunkantinum.
- b) Topparnir tilheyrðu Stórahrauni, sem átti allar selalagnir þar. Þó leyfði faðir minn, sem bjó á Stórahrauni, bóndanum á Litlahrauni oft að leggja selalagnir við Toppa.
- c) Ekki var vitað til þess, að Litlahraun ætti neinar selalagnir, hvorki við Haffjarðarárás né annars staðar. Aldrei var um að ræða veiðar á laxi eða silungi frá Litlahrauni.

Einar staðfesti yfirlýsingu sína fyrir dómi 10. desember 1984.

*Þá er vitnisburður Arilíusar B. Þórðarsonar í réttarhaldi 2. október 1986, en þar segir hann m. a.:*

Mætti kveðst hafa verið ábúandi á Stórahrauni sl. 26 ár.

Hann segist kannast við örnefnið Tvisteina eða Þrísteina. Þeir séu tveir, annar í álnum sunnan við Melnesið og hinn utar í samæ álum. Mætti

segir, að Þrístínaáll sé sunnan við Stórahraunsnes og myndist af tvennum uppsprettum. Aðrar uppsprettur myndu Slarkalæk, sem rennur fram á víkina. Hinar uppsprettur eru sunnar með hrauninu og rennur frá þeim upp með hrauninu, og sameinast þessir álar við Stakkholt og renna síðan saman fram með Stórahraunnesi út í Haffjarðará. Mætti kveðst ekki kannast við neinn annan ál, sem kallist Tvístínaáll eða Þrístínaáll. Mætti segir, að áll renni frá læknum á Fitjunum austan við Selhöfða, og sameinist hann þar ál, sem kemur úr krókunum og rennur fyrir framan Litlahraunsnes, og sameinast þeir síðan Þrístínaál sunnan við Stórahraunsnes, og falla þeir saman í Haffjarðará. Mætti segir, að eina breytingin, sem orðið hafi á álum þessum, frá því að hann kom að Stórahrauni, sé sú, að ís hafi stíflað Þrístínaál fremst við Stórahraunnesið, og þá hafi állinn breytt aðeins um farveg til suðurs. Þetta var ekki löngu eftir, að mætti kom að Stórahrauni. Þá segir mætti, að eftir tilvísun og leiðsögn Kristjáns Jónssonar á Snorrastöðum hafi hann fengið vitneskju um, hvar Þrístínaáll var, og var það mörgum árum áður en mætti varð ábúandi á Stórahrauni. Hafði Kristján sagt honum, að það væri merki um, að hann hefði fjöru upp í Stórahraunsnes, ef hann sæi Þrístína standa upp úr. Mætti segir, að steinn sé í fjörunni milli álanna, og geti það verið Stakkholtssteinn, en hann kveðst ekki þekkja nafn á honum. Steinn þessi er fyrir ofan og norðan Stakkholt. Að gefnu tilefni segir mætti, að mikið landbrot hafi orðið þarna og annar steinn sé nú að koma fram úr bakkanum.

Mætti segir engar nytjar vera af Gömlueyri eða Toppum og kveðst ekki vita, hver eigi réttindi þar eða land.“

Í samræmi við dóm Hæstaréttar var nýrra gagna aflað, þ. á m. um Gömlueyri, jarðirnar Hausthús og Kolviðarnes í Eyjahreppi og jörðina Syðra-Skógarnes í Miklaholtshreppi.

Eins og fram kemur í þinghaldi 25. september og 3. október 1990 í þessu máli, liggur fyrir, að af hálfu áðurnefndra jarða vestan Haffjarðarár eru ekki mótmæli eða athugasemdir vegna kröfugerða í þessu máli, en landamerkjaskrár þessara jarða liggja frammi í málinu, dómskj. nr. 59, nr. 61 og dómskj. nr. 71.

Í dómi Hæstaréttar er rætt um eignarrétt að Gömlueyri og að gögn skorti um þann eignarrétt, þ. á m., að fyrirsvarsmönnum ríkisins hafi ekki verið gefinn kostur á að tjá sig um eignarréttinn.

Í tilefni þessa var ríkisvaldinu gefinn kostur á að tjá sig um eignarrétt að Gömlueyri. Á dómskj. nr. 64 fjalla fyrirsvarsmenn ríkisins um eignarrétt að Gömlueyri, en telja ekki rök til þess, að ríkisvaldið geri tilkall til Gömlueyrar. Þar segir m. a.:

„1. Með afsali 14. júní 1916 seldi ríkið jörðina Litlahraun. Í því afsali er undanskilið sölu námar og réttindi Staðarhraunskirkju til reka, en

ekkert land, sem tilheyrði jörðinni Litlahrauni, er skv. orðalagi afsalsins undanskilið sölunni. Litið er svo á, að með því að undanskilja reka í afsali 14. júní 1916 hafi einungis verið undanskilið sölu rekaafnotin, en ekki land.

Hafi Gamlaeyri og fjörunar upp af henni á annað borð tilheyrt jörðinni Litlahrauni, er ljóst, að með framangreindu afsali hefur ríkissjóður selt það land ásamt öðru landi Litlahrauns.

2. Engum öðrum gögnum sýnist til að dreifa um eignarrétt að Gömlueyri og fjörunum, er rennt geti stoðum undir sjálfstæðan eignarrétt ríkisins að því landsvæði, óháð eignarrétti að Litlahrauni.“

Í úrskurði Héraðsdóms frá 16. september 1986 eru aðilar beðnir að svara því, hvort ágreiningur sé þeirra á milli um eignarrétt á Gömlueyri ásamt Toppunum.

Lögmaður varnaraðila lét bóka í dóminum 2. október 1986 sitt álit og telur Gömlueyri hvorki tilheyrja Litlahraunslandi né Stórahraunslandi, en tjáir sig ekki að öðru leyti um eignarrétt að Gömlueyri nema vestasta hluta hennar, Toppa.

Í sóknarlýsingum um jörðina Litlahraun frá 1841, dómskj. nr. 9, segir svo um Gömlueyri: „Milli Kaldáróss og Haffjarðaróss gengur skagi inn í landið frá útnorðri til suðurs, er liggur undir jörð þessa, kallaður Gamlaeyri.“

## IX.

### *Álit dómsins.*

Ekki verður séð af gögnum máls þessa, að skorið hafi verið úr um landamerki milli Stóra- og Litlahrauns fyrir dómstólum. Fátt hefur knúið á um slíkan úrskurð, þar sem rekaréttur (sem þarna var áður sjálfstæður) og hugsanlega selalagnir var það helsta, sem máli skipti á þessu svæði. Rekaréttur virðist hafa verið nokkuð skýr, en selalagnir leystar með samkomulagi og ekki gerðar að ágreiningsefni, sbr. dómskj. nr. 22. Það er því ekki ólíklegt, að vitneskja manna um nákvæm landamerki hafi ekki verið fyrir hendi.

Ágreiningur virðist þó hafa verið um landamerki á ósasvæðinu, sbr. dómskj. nr. 22, en vitni, sem fluttust frá Stórahrauni fyrir næstum 40 árum, staðfestu þar skýrslur sínar. Skv. dómskj. nr. 4. lengist Haffjarðará á ósasvæðinu um sem næst 9,5 km um stórstraumsfjöru.

Laxveiði eða silungsveiði í álum á ósasvæði Haffjarðarár hefur af tækni- legum ástæðum verið mjög erfið eða útilokuð fram á þessa öld, hver svo sem kann að hafa átt veiðirétt þar.

Það virðist þó ljóst, að ekki er ágreiningur í þessu máli um örnefnin Fitjar, Melabakka, Toppa eða Selhöfða né önnur örnefni að undanskildum

Þrísteinum (Tvísteinum), Þrístainaál (Tvístainaál), en um staðsetningu þeirra er deilt, en ekki nafnnotkun, sem er ýmist Þrísteinar eða Tvísteinar.

Aðalheimildir um landamerki Stóra- og Litlahrauns er að finna á dómskj. nr. 6. Þar segir m. a., eins og áður er rakið:

Landamerki Litlahrauns:

1. Móti Stórahrauni: Úr miðjum Tvístainaál upp í Stakkholtsstein, sem stendur í bakka ofan Stakkholts, úr þeim steini upp í Digruvörðuna á Foldunum, sem einstök er og neðst, úr þeirri vörðu í aðrar tvær efri vörður, úr þeim tvívörðum í litið vörðukorn þar ofar í Foldunum, þaðan í Brunagarðsnefið, sem er við Eldborgargötu, en í Fitjunum ræður lækurinn.

Landamerki Stórahrauns:

Landamerki umboðsjarðarinnar Stórahrauns í Kolbeinsstaðahreppi. Að Stórahraunslandi liggja eftirfylgjandi lönd:

3. Litlahraunsland: Þar á milli eru merki sjónhending úr Brunagarðs-klifinu í efri og neðri vörður á Foldunum, þá sjónhending úr neðri Foldavörðunni í stein í Stakkholtsvík, úr þeim steini sjónhending í Þrístaina, úr Þrísteinum eftir álnum, fram fyrir Stórahraunseyjar í Haffjarðarárál; þá ræður Haffjarðará merkjum milli Hausthúsa, Kolviðarness, Hrossholts og Akurholts í Eyjahreppi að fyrrnefndri Fuglstapabúfu. Á fitjunum ræður lækurinn milli Stóra- og Litlahraunsengja suður úr og vestur framan Melabakka vestur fyrir Toppa, þaðan austur eftir ofanvert við Selhöfða.

Þessar landamerkjálýsingar eru innfærðar í landamerkjaskrá fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Landamerkjálýsing Litlahrauns er dags. 17. júní 1884, og er hún að mestu samhljóða landamerkjálýsingu í lögfestu frá árinu 1698, dómskj. nr. 10.

Landamerkjálýsingin fyrir Stórahraun er ódagsett. Sennilega er hún gerð á árunum 1886-1892, þar sem Jón Jónsson, sem undirritar landamerkjabréfið sem umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs, hafði það umboð frá 1886-1892 skv. Íslenskum æviskrám, III. bindi, bls. 205. Landamerkjabréf Stórahrauns er yngra og hefur að geyma fyllri lýsingu á landamerkjum milli jarðanna á ósasvæðinu. Landamerkjabréfum þessum er ekki mótmælt eða þau vefngd á neinn hátt í þessu máli.

Úrlausn þessa máls byggist á skýringum á þessum heimildum.

Eins og áður er getið, liggja fyrir í málinu yfirlýsingar vitna um landamerkin svo og vitnisburðir.

Í yfirlýsingu bræðranna Magnúsar og Sigfúsar Kristjánssona (dómskj. nr. 14) kemur fram, að þeir telja Þrístaina skammt frá Selhöfða og Þrístainaál milli Litlahraunsness og Selhöfða.

Í yfirlýsingu Þórarins Árnasonar (dómskj. nr. 15) og framburði hans (dómskj. nr. 22) greinir frá Þrísteinum og Þrístainaál skammt frá Selhöfða

og Litlahraunsnesi, og er það sviðuð staðsetning Þrístaina og Þrístainaáls og hjá þeim bræðrum, Magnúsi og Sigfúsi.

Vitnisburður Einars Árnasonar hnígur mjög í sömu átt (dómskj. nr. 22).

Í vitnisburði Arillúsar Borgfjörðs Þórðarsonar, ábúanda á Stórahrauni, kemur fram, að hann telur, að Þrístainaáall sé sunnan við Stórahraunsnes og myndist af tveimur uppsprettum. Önnur uppsprettan myndar Slarkalæk, sem rennur fram á víkina. Hin uppsprettan er sunnan með hrauninu og rennur frá þeim upp með hrauninu, og sameinast þessir álar við Stakkholt og renna síðan fram með Stórahraunsnesi út í Haffjarðará. Ekki kannast hann við neinn annan ál, sem kallist Tvístainaáall eða Þrístainaáall.

Þá má geta nokkurra atriða í skjölum þessa máls, er gætu verið til skýringar.

Kristján Jónsson (dómskj. nr. 8) telur Toppa með örnefnum Litlahrauns svo og Skeley í Stórahraunsfítjum.

Lúðvík Kristjánsson (dómskj. nr. 30) telur Skeley og Toppa örnefni í Stórahraunslandi.

Í sóknarlýsingu (dómskj. nr. 9) eru Flókaflögur í Haffjarðarárósi talðar til Litlahrauns svo og Gamlaeyri.

Máldagar (dómskj. nr. 32) telja rekarétt á Gömlueyri (að hálfu) til Litlahrauns (Setahrauns), sbr. og dómskj. nr. 28, Jarðabók.

Framangreindum vitnaframburði og tilvitnunum í málskjöl ber ekki saman, svo að augljóst sé að álykta gegn beinum lýsingum á landamerkjum Stórahrauns, ekki sist ef haft er í huga landslag og vatnafar á þessum ósæðum. Landamerkjabréf Litlahrauns tekur ekki nema að litlu leyti til þess svæðis, sem landamerkjadeilan snerist um.

Eins og áður er getið samkvæmt landamerkjalyýsingu á dómskj. nr. 6, eru álar tilgreindir sem landamerki. Einnig tilgreinir Kristján Jónsson í Örnefnaskrá fyrir Litlahraun (dómskj. nr. 8, bls. 4) Þrístainaál sem merki milli jarðanna. Þá er í lögfestu á dómskj. nr. 10 talað um Tvístainaál, er skipti merkjum milli jarðanna.

Ekkert bendir til þess í gögnum málsins, að um umtalsverðar breytingar á þessum álum hafi verið að ræða á síðari tímum, og verður því að láta álana skipta merkjum, þar sem það á við.

Að loknum endurteknum vettvangsgögnum og með hliðsjón af gögnum málsins er það álit dómsins, að réttur sé sá skilningur á landamerkjalyýsingum, er fram kemur í kröfugerð sóknaraðila varðandi Þrístaina (Tvístaina) og álinn, sem gengur alla leið úr lækjum þeim, er upptök eiga innst við Stórahraunsvík, Tálmi og Slarkalækur, og út alla víkina, sbr. t. d. dómskj. nr. 29. Þrísteinarnir þeir, er varnaraðili benti á við Litlahraunsnes, sjást ekki frá Stakkholtssteini, þar sem land ber á milli.

Þrístainaáall sá, er varnaraðili nefnir svo, gengur næstum þvert yfir Stóra-

hraunsvíkina (merking á uppdrætti á dóm skj. nr. 54 í boga frá C-S, en á dóm skj. nr. 74 C-I) í hinn álinn, virðist ekki eiga við sem landamerki, enda gerir varnaraðili ekki kröfur um það.

Eins og áður er getið, er ekki ágreiningur um örnefni í þessu máli utan Þrístaina (Tvístaina), og áður en sátt var gerð um merkjalínu á Fitjum, var ágreiningur um merkjalæk á Fitjum.

Varðandi svæði á Fitjunum (Vigdísarstaðaland) telur dómurinn skýr ákvæði um landamerki vestur framan Melabakka vestur fyrir Toppa, þaðan austur eftir ofanvert við Selhöfða og telur kröfur sóknaraðila í samræmi við það, en aðilar málsins settust á merkjalínu yfir Fitjar, þ. e. beina línu milli punkta D og E á uppdrætti Skúla Jóhannssonar verkfr., dóm skj. nr. 54 og dóm skj. nr. 74.

Þá er sátt milli jarðanna frá 30. ágúst 1922 um, að Viðarhólmi sé sameign þeirra, sbr. dóm skj. nr. 6.

Ágreiningur er ekki um dómkröfu sóknaraðila frá Brunagarðshlíði að Stakkhóltssteini (B).

Í skjölum málsins er mjög minnst á Vigdísarstaði sem fornt býli, hjáleigu eða ítak. Eru það óljósar heimildir um sögu þessarar fornu byggðar, og skýra þær ekki, að hvaða jörðum landamerki Vigdísarstaða hafa legið frá Toppum austur fyrir Selhöfða. En víst er og viðurkennt, að Vigdísarstaðasvæðið tilheyrir nú Stórahrauni.

Nýr uppdráttur, dóm skj. nr. 74, var lagður fram af sóknaraðila með dómkröfum hans. Uppdráttur þessi ásamt uppdrætti á dóm skj. nr. 57 og uppdrætti á dóm skj. nr. 54 eru allir gerðir af Skúla Jóhannssyni verkfr. eftir loftmyndum af því landsvæði, sem við kemur þessu máli. Þessir uppdrættir hafa ekki verið vefengdir, og hafa kröfulínur aðila verið dregnar á þá. Uppdrættir þessir eru allir eins að undanskildum lítills háttar frávikum í merkingu punkta.

Dómur um landamerki í þessu máli miðast við svæðið um stórstraumsfjöru, sbr. dóm skj. nr. 4. Dómurinn miðast við það, að örnefnið Toppar séu þrjár hæstu þúfurnar eða skerin á því svæði, sbr. dóm skj. nr. 4. Topparnir eru sýndir á uppdráttum í máli þessu, og dómurinn hefur á vettvangsgöngu séð legu þeirra.

Aðilar málsins miða dómkröfur sínar við fasta endapunkta. Sóknaraðili segir endapunkt sinnar kröfulínu vera punkt K á dóm skj. nr. 74 og lýsir yfir af hálfu eigenda jarðarinnar Hausthúsa í Eyjahreppi, að þeir geri ekki athugasemd við kröfugerð sína og punktur K sé á miðjum ál Haffjarðarár, en hann er skv. uppdrætti 400 metra frá syðsta Toppi (3) og 350 metra frá nyrsta Toppi (1).

Varnaraðili gerir kröfu um endapunkt sinnar kröfulínu í punkt E á dóm skj. nr. 74.

Það er álit dómsins, að staðsetning punkts K á uppdrætti, dómskj. nr. 74, sé í samræmi við landamerkjalyðingu á þessu svæði á dómskj. nr. 6. Punktur K er á mótum landamerkja Litlahrauns, Stórahrauns og Hausthúsa á ósasvæðinu.

Fram kom í málinu í þinghaldi 25. sept. 1990, að fyrirsvarsmenn jarðanna Kolviðarness í Eyjahreppi og Syðra-Skógarness í Eyjahreppi telja, að kröfugerð aðila málsins gangi ekki gegn hagsmunum þeirra.

Báðir málsaðilar lýstu yfir því fyrir dóminum, að þeir teldu austurstönd innan við ós Haffjarðarár (sbr. dómskj. nr. 4) innan landamerkja jarða umbjóðenda sinna eða tilheyra jörðunum.

Á uppdrætti, dómskj. nr. 74, er dregin lína frá stað ofanvert við Selhöfða, merkt V, að mynni lækjarins á Fitjum, merkt D. Lína þessi er upphaflega hluti af kröfulínu varnaraðila, en nú ákveðin af dóminum. Dómurinn telur þessa línu eðlilega með hliðsjón af öðrum merkjalínunum umhverfis „Vigdísarstaðasvæðið“.

Dómurinn hefur merkt inn á dómskj. nr. 57 og dómskj. nr. 74 punktinn P á línu syðst á Melabökkum og merkt Toppa nr. 1, 2 og 3, en sá uppdráttur, sem dómurinn styðst við, er á dómskj. nr. 74.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, er niðurstaða dómsins sú, að um landamerki milli jarðanna fari þannig: Að dregin verði lína úr Brunagarðsklifi, sem er brunakantur, sem gerð hefur verið klauf í, þar sem Eldborgargatan liggur, þaðan í Digruvörðu á Foldum (A), þaðan í Stakkholtsstein (B), sem er steinn í Stakkholtsvík, þaðan bein lína í Tvísteina (Þrísteina) (I) og þaðan eftir álnum miðjum fram í miðjan Haffjarðarárál í punkt K í miðjum álnum.

Á Fitjunum ráði sáttalínan D-E og þaðan vestur framan Melabakka í punkt P, þaðan bein lína vestur fyrir Toppa fyrir sunnan Topp 3 í punkt T, þaðan í punkt U norðan við Topp 2 og þaðan bein lína norðan við (efsta) Topp 1 í austur og ofan við Selhöfða í punkt norðaustan af höfðanum við lækinn (álinn) norður úr fitjunum, punktur V, og þaðan bein lína í pukt D.

Eru þá allar Fitjarnar vestan línu D-E innan landamerkja Stórahrauns svo og Toppar, þ. e. svæðið innan lína D-E-P-T-U-V-D á uppdrætti.

Eins og málum er háttað, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Vilhjálmur Árnason og Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttarlögmenn.

#### D ó m s o r ð :

Landamerki milli jarðanna Litlahrauns og Stórahrauns skulu vera bein lína úr Brunagarðshliði í Digruvörðu á Foldum (A), þaðan í Stakkholtsstein (B) og þaðan bein lína í Tvísteina (Þrísteina) (I) í eða við Tvísteinaál (Þrísteinaál), sem er állinn næstur Stórahraunnsesi að

sunnanverðu, úr Tvísteinum (Þrísteinum), eftir álnum miðjum fram í miðjan Haffjarðarárál (aðalál) og þaðan eftir miðjum álum í punkt K.

Landamerki jarðanna á Fitjunum eru eftir sáttalínu, sem er bein lína milli mynnis merkjalækjarins norður úr Fitjunum (D) og lækjaróss austan við Viðarhólma (E) og síðan vestur með Melabökkum í punkt (P) og þaðan bein lína vestur fyrir Toppa fyrir sunnan Topp 3 (T), þaðan í punkt U norðan við Topp 2 og þaðan bein lína norðan við Topp 1 í austur og ofan við Selhöfða í punkt norðaustur af höfðanum við lækinn (álinn) norður úr Fitjunum (V), þaðan bein lína í punkt D. Málskostnaður fellur niður.

### Sératkvæði Jóns Magnússonar sýslumanns.

#### I.

Þegar hér á eftir er vísað til merkinga á uppdrætti, er átt við uppdrátt Skúla Jóhannssonar verkfræðings, dags. 24. febrúar 1987 (dskj. nr. 74).

Í málinu er ekki ágreiningur um örnefnin Brunagarðshlíð, Digruvörðu, Stakkhóltsstein, Fitjar. Ágreiningur er um örnefnið Tvísteina (Þrísteina) og ála kennda við þá. Sóknaraðilar halda því fram, að þeir séu „sker í eða við álinn, sem næstur er Stórahraunsnesi sunnanverðu og kallast Tvísteina-áall (Þrísteinaáall)“. Varnaraðilar halda því fram, að Þrísteinar séu í álum, sem er rétt við Litlahraunsnæs.

#### II.

Staðhæfing sóknaraðila um Tvísteina (Þrísteina) styðst við framburð Arilíusar Borgfjörðs Þórðarsonar. Í þinghaldi 2. október 1986, en þá hafði hann búið á Stórahrauni sl. 26 ár, segir Arilíus, að Tvísteinar eða Þrísteinar séu tvennir, aðrir í álum sunnan við Melanesið og hinir utar í sama ál. Hann segir, að Þrísteinaáall sé sunnan við Stórahraunsnæs og myndist af tvennum uppsprettum, er myndi ála, sem sameinist við Stakkholt og renni síðan saman fram með Stórahraunsnesi út í Haffjarðará. Arilíus segir engar nýttar vera af Gömlueyri eða Toppum og kveðst ekki vita, hver eigi réttindi þar eða land.

#### III.

Staðhæfing varnaraðila um Tvísteina (Þrísteina) styðst við yfirlýsingu Magnúsar og Sigfúsar Kristjánssona, þar sem segir: „Þrísteinar eru þrír lágir steinar í svokölluðum Þrísteinaál skammt frá Selhöfða. Þrísteinaáall kemur upp á milli Litlahraunsnæs og Selhöfða í Krókavík í Litlahraunsnesi og rennur í Haffjarðarárál norðan Toppa og sunnan Stórahraunseyja.“

Magnús og Sigfús bjuggu á Stórahrauni árin 1945-1958.

Staðhæfing varnaraðila styðst einnig við yfirlýsingu og framburð Þórarins Árnasonar, sem kom níu ára gamall að Stórahrauni árið 1907 með föður sínum og bjó þar óslitið til 1945 og rak þar búskap sjálfur síðustu 26 árin. Þórarinn segir: „Þrístéinar eru þrír stéinar í svokölluðum Þrístéinaál skammt frá Selhöfða og Litlahraunsnesi. Ef staðið er fremst á Litlahraunsnesi og horft til nyrsta Toppssins, eru Þrístéinar dálítið til hægri handar, en Selhöfði lítið eitt til vinstri handar. Þrístéinar eru mjög skammt frá Litlahraunsnesi, langtum nær en Selhöfði. Þrístéinaáll liggur til vesturs og er allur í Stórahraunslandi.“

Einnig segir hann, að aldrei hafi verið um að ræða veiðar á laxi frá Litlahrauni og að allt svæðið norðan Fitja og Toppa norður að Stórahraunsnesi sé Stórahraunsland.

Þá styður yfirlýsing og framburður Einars Árnasonar einnig staðhæfingu varnaraðila. Einar segir: „Topparnir tilheyrðu Stórahrauni, sem átti allar selalagnir þar ..... Ekki var vitað til þess, að Litlahraun ætti neinar selalagnir, hvorki við Haffjarðarárás né annars staðar. Aldrei var um að ræða veiðar á laxi eða silungi frá Litlahrauni.“ Einar átti heima á Stórahrauni frá fæðingu árið 1913 til ársins 1928 og enn fremur einn vetur þremur árum síðar.

#### IV.

Samkvæmt framburði þeim, sem rakinn hefur verið, og ekki er um framburð annarra vitna að ræða í málinu, verður að álykta, að örnefnið Tvístéinar (Þrístéinar) og álar kenndir við þá sé að finna á tveimur stöðum á deilusvæðinu, í fyrsta lagi við Stórahraunsnes og í öðru lagi við Litlahraunsnes. Álar þessir koma saman sunnan við Stórahraunsnes og falla í einum farvegi í Haffjarðará. Í landamerkjabréfi Litlahrauns, sem er ákveðnara og skýrara en landamerkjabréf Stórahrauns um merki milli jarðanna, er merkjum lýst upp og inn til landsins, en ekki ofan frá og út í Haffjarðará eins og í bréfi Stórahrauns. Stórahraunsbréfið er auk þess óljósara að því leyti, að þar er í sömu andrá talað um merki milli Stórahrauns og annarra jarða en Litlahrauns.

#### V.

##### *Vigdísarstaðir.*

Allviða er minnst á Vigdísarstaði í gögnum málsins:

1) Í máldögum fyrir Hitardalskirkju ár 1354, 1397, 1470 og 1574 er talað um hálfan reka á Gömlueyri, laxveiði að helmingi í Haffjarðará og allan reka á Vigdísarstöðum.

2) Í sýslu- og sóknarlýsingum, skráðum árið 1841 af séra Vernharði Þorkeðssyni, segir um Stórahraun: „..... 2 hjáleigur hafa legið hér undir að

fornu, önnur í túninu, hin upp með Haffjarðará, þar sem kallaðir voru Vigdísarstaðir“.

3) Í landamerkjalyðingu fyrir Litlahraun árið 1884 er talað um Vigdísarstaðareka.

4) Í örnefnaskrá Lúðvíks Kristjánssonar, sem skráð er árið 1937 eftir séra Árna Þórarinssyni og Þórarni Árnasyni, segir m. a.: „..... Í Selhöfðahólma stóðu Vigdísarstaðir.

Ekki er vitað, hvað Vigdísarstaðaland var stórt, en vísbending fæst um það í liðum 2 og 4 hér að framan, þar sem segir, að Vigdísarstaðir hafi verið upp með Haffjarðará (2) og staðið í Selhöfðahólma (4). Liggur þá nokkuð beint við að álykta, að Vigdísarstaðaland hafi náð yfir svæði, sem tók yfir vesturhluta Fitja, Toppa og þaðan upp með Haffjarðará upp að Þrístinaál og legið sunnan og vestan að honum og að mynni lækjarins á Fitjum. Það kemur þá heim við síðasta málslið í landamerkjabréfi Stórahrauns, þar sem segir: Á Fitjum ræður lækurinn milli Stóra- og Litlahraunsengja suður úr og vestur framan Melabakka vestur fyrir Toppa, þaðan austur eftir ofanvert við Selhöfða. Hvergi er minnst á, að orðin: „þaðan austur eftir ofanvert við Selhöfða“ þýði, að það skuli vera bein lína.

Svo víða er minnst á Vigdísarstaði í málskjöllum, að ekki er að efa, að býli þetta hefur verið til að fornu.

Eftir gögnum málsins virðist allt benda til þess, að Vigdísarstaðir hafi verið hjáleiga eða býli í landi Stórahrauns, og hafi býli þetta átt hlunnindi í reka og laxveiði, sem tilheyrði heimajörðinni, Stórahrauni, og að austurmerki Vigdísarstaða hafi fallið saman við merki milli Stórahrauns og Litlahrauns á því svæði, sem Vigdísarstaðir náðu yfir. Og þegar Vigdísarstaðir fóru í eyði, féll land þeirra undir heimajörðina.

## VI.

Merkjalyðing Stórahraunsbréfsins endar ótilgreint úti í Haffjarðará, en í bréfinu segir: „..... úr Þrístinum eftir álum fram fyrir Stórahraunseyjar í Haffjarðarárál .....“ Þar lýkur merkjalyðingu milli Stórahrauns og Litlahrauns. Þessi lýsing getur átt við báða álana og bæði landamerkjabréfin. Ekki þurfti að lýsa nánar merkjum út í Haffjarðarárál, því að þá var komið að Vigdísarstaðalandi, sem lá upp með Haffjarðará.

## VII.

Ég lít svo á, að með framburði eins manns um það, hvar Tvístinaáll (Þrístinaáll) sé, hafi sóknaraðilum ekki fullnast sönnun um, að það sé állinn næstur Stórahraunsnesi og steinar í eða við hann, sem byggja beri niðurstöðu málsins á.

Fyrir landamerkjum Litlahrauns, sem er sóknaraðili í málinu, virðist liggja beint við að leggja til grundvallar landamerkjabréf Litlahrauns. Það er svo til alveg samhljóða lögfestunni frá 1698. Í landamerkjabréfi Litlahrauns segir:

1. Móti Stórahrauni: Úr miðjum Tvísteinaál upp í Stakkholtsstein, sem stendur í bakka fyrir ofan Stakkholt, úr þeim steini upp í Digruvörðuna á Foldum, sem einstök er og neðst, úr þeirri vörðu í aðrar tvær efri vörður, úr þeim tvívörðum í lítið vörðukorn þar ofar í Foldunum, þaðan í Brunagarðsnefið, sem er við Eldborgargötu, en í fitjunum ræður lækurinn.

Við túlkun á bréfinu ber að hafa í huga síðustu setningu bréfsins: „en í fitjunum ræður lækurinn“. Þessi setning bendir til þess, að merkin um Fitjar séu í framhaldi af merkjalínunni milli Þrísteina og Stakkholtssteins, en það er kröfugerð varnaraðila. Þetta fellur þannig saman við túlkun á merkjabréfi Stórahrauns, ef hinir umdeildu Tvísteinar (Þrísteinar) eru við Litlahraunsnes, og þá er syðri állinn í Stórahraunsvíkinni merkjaállinn, sem deilt er um.

Í lögfestunni frá 1698 er talað um „Stackholts Stein, sem stendur í backa fyrir ofan Stackholt“. Sama orðalag er á Litlahraunsbréfinu. Á hvorugum staðnum er talað um sjónhendingu. Í Stórahraunsbréfinu er talað um „Stein í Stakkholtsvík, úr þeim steini sjónhending í Þrísteina“. Í þessu sambandi er rétt að vitna til framburðar Arilíusar B. Þórðarsonar, sem segir, að mikið landbrot hafi orðið þarna og annar steinn sé nú að koma fram úr bakkanum. Það er því líklegt, að steinn sá, sem nú stendur í Stakkholtsvík, hafi áður staðið hærra, og hafi þá mátt hafa sjónhendingu frá honum í Þrísteina. Þá má enn fremur líta svo á, að merkjalýsing í bréfunum sé gömul lýsing, sem tekin hafi verið upp aftur og aftur, þegar landamerkjum jarðanna var lýst.

## VIII.

### *Niðurstaða.*

Með rökstuðningi í framburði vitnanna Magnúsar og Sigfúsar Kristjánssonar og Þórarins og Einars Árnasona svo og öðrum gögnum málsins lít ég svo á, að Þrísteinar þeir, sem miða beri landamerkin við, séu Þrísteinar við Litlahraunsnes (C), enda virðist það falla best við túlkun landamerkjabréfa beggja jarðanna. Það verður því niðurstaða mín, að landamerki milli Litlahrauns og Stórahrauns í Kolbeinsstaðahreppi skuli vera þessi: Úr Brunagarðshlíði, þar sem Eldborgargata liggur, í Digruvörðu á Foldum (A), þaðan í Stakkholtsstein (B), þaðan bein lína í miðja Þrísteina (C), sem eru rétt við Litlahraunsnes, þaðan um beina línu í mynni lækjarins á Fitjum (D) og þaðan eftir sáttalínunni í lækjarósinn austan Viðarhólma (E). En málsaðilar gerðu sátt um þá línu í þinghaldi í málinu 10. júní 1987.

Með tilliti til allra málsatvika þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

## D ó m s o r ð :

Landamerki jarðanna Litlahrauns og Stórahrauns í Kolbeinsstaðahreppi skulu vera þessi: Úr Brunagarðshlíði, þar sem Eldborgargata liggur, í Digruvörðu á Foldum (A), þaðan í Stakkholtsstein (B), þaðan bein lína í miðja Þrísteina (C), sem eru rétt við Litlahraunsnes, þaðan um beina línu í mynni lækjarins á Fitjum (D) og þaðan eftir sáttalínunni í lækjarósinn austan Viðarhólma (E).

Málskostnaður falli niður.

---